

Pappamassi – Fígúrir, húsdýr, fuglar



Undirbúningur:

Pappamassagerð er mikil skipulagning og tímafrekt en útkoman vel þess virði. Gott er að bera allt fram með skipulögðum hætti. Setja sullmottur tilbúna undir pappamassann til að sem minnst fari á borðin, hafa borðin sett upp þannig að auðvelt sé að og aðstoða nemendur. Þegar farið er að mála hafa bakka tilbúna með mismunandi litum t.d. í ísmolaboxum þar sem hægt er að setja marga mismunandi jarðtónaliti og hafa pensla tilbúna hjá boxunum til að hægt sé að byrja strax. Hægt að útfæra vinnu með pappamassa í allskyns þemu og viðfangsefni.


1) Uppskrift að passamassa

- Eggjabakkar rifnir niður (stóru bakkarnir bestir)
- Sjóðandi heitt vatn upp fyrir pappann
- Tæta allt með töfrasprota
- Sigta vatnið frá með sigti eða viskastykki (mæli með viskastykki 😊)
- Setja í kúlum í skálar (jafnmargar og nemendafjöldi)
- Bæta út í hvítu fljótandi lími (Allround glue/Elmers glue) u.þ.b. ¼ - ½ dl í hverja skál, meira ef það tollir ekki við

Látið pappann liggja í nokkrar mínútur í bleyti

2) Álpappír

Skera álpappír u.þ.b. 30x30 cm fer eftir því hvað á að gera og hversu stórt. Jafn mörg stykki eða fleiri en nemendafjöldi.



3) Pappír / A4 blöð / teikniplötur til að merkja, gera hugmyndavinnu og leggja fuglinn/dýrið til þerris.

4) Ef maður ætlar að blanda pappamassann deginum áður er gott að gera allt eins og á að gera, hafa smá raka enn í pappamassanum nema geyma límbönduna þar til rétt áður en á að nota hana. Blandan dugur með líminu í u.þ.b. 4-6 klukkustundir, lengur ef sett er plast yfir.

5) Aukahlutir á fugl/dýr/figúru hægt að líma með fljótandi lími, trélími, límbyssu

- trjágreinir heilar, stórar og smáar, brotnar eða sagaðar og sagaðar í hringplötur, gott að vera tilbúin með sett af jafnlöngum fyrir fætur á fugla og örmjóar trjágreinir fyrir klær.
- afsag af t.d. krossviði, spónaplötum eða mdf plötum, t.d. fyrir gogg eða fætur, stél.
- plast tappar, gætu hentað á t.d.
- rafmagnssnúður/garðínusnúður (klipptar niður í lítil stykki)
- tölur
- efnisbútar t.d. með áferð, skinn, leður, roð, fílt efni o.fl.
- garn – allskonar á litinn og mismunandi áferð

6) Það tekur um 3-5 daga að þurrka pappamassann, fer alveg eftir þykkt og hitastigi á herbergi. En þegar búið er að þurrka pappamassann er komið að því að líma á það sem á að bæta við, t.d. fyrir þessa fugla settu nemendur trjágreinir fyrir fætur, afsag fyrir gogg ef þau mótuðu hann ekki með pappamassanum og límdu svo á afsag af krossviði eða hringplötu úr þykkri trjágrein.

Fuglar á Íslandi – pappamassaverkefni

1. Lota – hugmyndavinna u.þ.b. 25-30 mínútur

Nemendur fá kynningu á verkefninu, kveikjan eru Fuglar á Íslandi, í umræðum er skoðað fuglavefinn (www.fuglavefurinn.is) og spáð í hvernig mismunandi fuglar eru í laginu, hvað sé á honum, goggur, fætur, fit eða klær og litirnir, umræður um stað- og farfugla og einkenni fugla. Nemendur fá hver og einn ípad og skoða Fuglavefinn, velja sér þar fugl sem þeir vilja vinna meira með og skoða nokkrar myndir og upplýsingar um hann. Merkja svo blaðið með nafninu sínu í horninu, teikna mynd af fuglinum sínum og skrifa nafnið á fuglinum. Þetta tekur styttri tíma ef notað eru tússtöflur, en ef notað er blað og liti er verkefnið veglegra og þau eru tilbúin með fyrirmynd til að mála eftir næst. Gallinn við blöðin er að þau blotna þegar pappamassinn er lagður á þau og verða ljótari fyrir vikið og pappamassinn getur einnig límst við, en það gerist ekki með tússtöflurnar og hægt er að taka ljósmyndir af tússtöflunum eins og þessi á fyrri síðu.

2. Lota – mótun með álpappír u.þ.b. 10-20 mínútur.

Nemendur móta sinn fugl með álpappír, reyna að gera gogg, stél, mynda hausinn og vængina. Þetta vel álpappírinn svo að auðvelt sé að móta á hann með pappamassanum og útbúa einskonar beinagrind til að setja utan á.

3. Lota – Pappamassinn u.þ.b. 20-40 mínútur

Nemendur setja pappamassann utan á fuglinn, reyna að slétta úr með fingrunum og klappa pappamassanum svo vel á álpappírinn og strjúka yfir. Þetta er gert yfir alla fleti svo að ekki sjáist í álpappírinn og leyft að þorna í nokkra daga.

4. Lota – Líma aukahluti, málað og sett á plötu u.þ.b. 20-40 mín.

Límt trjágreinar fyrir fætur, fit eða klær, gogg ef þarf og málað yfir með sömu litum og fuglinn er raunverulega. Notað fína og grófa pensla og þekjumálningu. Límt fuglinn á litla plötu til að hann standi. Þurrkað með hárbلاسara og spreyað yfir með límlakki og leyft að þorna. Merkja fuglinn neðan á plötu með nafni á barni og fugli.

Hæfnimarkmið sem unnið var að nemandi:

- Getur unnið frá einföldu ferli frá hugmynd til afurðar
- Getur hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum
- Kynnist skissugerð sem hluta af hugmyndavinnu og vinnuferli
- Getur notað lím við samsetningar

Markmið frá kennara að nemandi:

- Skoði og fræðist um fugla sem eru og koma hér til Íslands
- Átti sig muninum á stað- og farfuglum
- Skoði fuglinn vel og átti sig á einkennum hans
- Fái val um viðfangsefni innan ákveðins efnis
- Kynnist pappamassamótun

Námsmat er fyllt út inn í mentor eftir verkefnavinnu.